

## Próftaka

Í þessum kafla eru ýmsar ábendingar varðandi próftökuna sjálfa.

Mættu snemma og notaðu tímann í slökun. Þegar þú ræðir við félagi þína varastu spurningar eins og: „Hvað lastu mikið fyrir prófið?“ Þú færð með svarinu engar staðreyndir sem skipta máli fyrir prófið heldur getur svarið aukið eða komið af stað óþarfa kvíða.

Lestu leiðbeiningar á prófblaði vel yfir.

Lestu síðan lauslega yfir spurningarnar. Athugaðu vel vægi spurninga eða kafla/þátta í prófinu. Þú skalt meta hvað þú þarft að nota mikinn tíma í hvern prófhluta. Eyddu t.d. ekki 25% af tímanum í spurningu sem vegur 10%. Gerðu þess vegna lauslega tímaáætlun.

Lestu leiðbeiningarnar hægt, lestu þær síðan aftur yfir til að forðast allan misskilning. Ef beðið er um stutt svör skaltu svara stutt. Stundum má velja á milli spurninga þá er ergilegt að hafa svarað öllum spurningunum.

Ef leiðbeiningar eru óljósar skaltu biðja kennarann að útskýra betur.

Skrifaðu hjá þér minnisatriði, staðreyndir, formúlur ( t.d. spurningablaðið) sem þú veist að þú þarft að nota en ert hrædd(ur) um að gleyma.

Nú getur þú byrjað.

### **Almennt um próftökuna sjálfa**

Gefðu þér tíma svona 1-2 mínútur til að athuga spennuna í líkama þínum. Ef þörf er notaðu slökunaræfingar til að draga úr spennu.

Svaraðu fyrst auðveldustu spurningunni. Það er hvetjandi að finna að þú getur svarað. Það örvar líka heilann og undirbýr hann undir erfiðari spurningar. Ef það eru krossaspurningar svarar þú þeim næst, síðan spurningum með stuttum svörum og að lokum ritgerðarspurningum.

Notaðu minnistækniáðferðir ef þú finnur ekki svarið.

Ef þú manst ekki svarið, rifjaðu upp eitthvað sem tengist svarinu. Byrjaðu á því almenna (aðalatriðum) og farðu svo yfir í það einstaka (smáatriðin). Teiknaðu hugkort til að örva minnið.

Fylgstu með tímanum og ef þú getur ekki svarað, farðu yfir í næstu spurningu.

Ekki skrifa þétt. Skildu eftir autt svæði til að bæta við svarið síðar eða til að auðvelda yfirlestur.

Leitaðu að svari í hinum spurningunum. Það getur verið að þar leynist lykill að minni þínu, t.d. nafn, hugtak, dagsetning. Það örvar líka minni þitt.

Í **krossaspurningum** er yfirleitt fyrsta ágiskun rétt. Forðastu að breyta svarinu nema þú sért alveg viss. Lestu vel spurninguna til að athuga hvort krossa eigi við eitt rétt svar. Svaraðu hverri spurningu innra með þér áður en þú lest svarmöguleikana. Ef svarið kemur upp i hugann áður en þú lest svarmöguleikana útilokar þú að þú ruglist af þeim.

Merktu við þær spurningar sem þú getur ekki svarað og geymdu þær þar til síðar.

Lestu alla svarmöguleikana áður en þú merkir við þann rétta. Stundum eru tveir svarmöguleikar mjög líkir.

Ef þú hefur ekki hugmynd um svarið fylgdu eftirfarandi leiðbeiningum.

- 1 Ef 2 svarmöguleikar eru líkir, nema hvað varðar eitt eða tvö orð, veldu annan hvorn.

2. Ef í 2 svarmöguleikum eru orð sem hljóma líkt eða eru lík í útliti, veldu annan hvorn.
3. Ef ljúka á svarmöguleika með setningu sem málfræðilega yrði röng, ekki velja það svar.
4. Ef í 2 svarmöguleikum er gefið upp magn sem er líkt, veldu annan hvorn.
5. Ef svarmöguleikar ná yfir mikla breidd i magni veldu svarmöguleika nálægt miðju t.d. 4.5, 66.7, 98.7, 5000.9.
6. Ef ekki er dregið frá fyrir rangt svar lokaðu augunum og giskaðu á rétt svar.

Ath: Þó að þessar leiðbeiningar geti hjálpað þér koma þær aldrei í staðinn fyrir lestur.

### **Rétt eða rangt spurningar**

Svaraðu þessum spurningum hratt. Þær eru frekar sjaldgjæfar og vega sjaldnast mikið. Lestu staðhæfingarnar vandlega. Ef einhver hluti heirra er rangur eru þær rangar.

### **Stutt svör og eyðufyllingar**

Oft eru spurt um skilgreiningar eða stutta lýsingu. Einbeittu þér að lykilorðum og staðreyndum. Svaraðu í stuttu máli.

Að kunna efnið vel skilar sér i slíkum spurningum. Ef þú kannt efnið vel ertu fljót(ur) að svara.

### **Ritgerðarspurningar**

Það fyrsta sem þú þarft að gera þegar þú ætlar að svara ritgerðarspurningu er að komast að því um hvað er nákvæmlega verið að spyrja. Ef þú ert beðin(n) að bera saman t.d. tvær kenningar i féagsfræði er verið að biðja um samanburð en ekki lýsingu á kenningunum.

Það kemur fyrir að nemandi svarar ekki í samræmi við spurninguna. Nemandi örvæntir og flýtir sér að skrifa áður en hann hefur haft tíma til að hugsa. Stundum einblínir hann á nokkur lykilorð í spurningunni og telur sig vita um hvað málið snýst.

Þú verður að gefa þér tíma til að velta spurningunni fyrir þér í stað þess að svara henni í einhverju óðagoti. Ef heilinn fær tíma til að hugsa starfar hann eins og fullkomin tölva, tengir saman atriði og dregur ályktanir nánast af sjálfu sér.

Áður en þú byrjar að svara gerðu beinagrind eða stutt uppkast (upptalning lykilorða eða mikilvægra atriða). Þrjár ástæður eru fyrir þessu. 1. Þú getur skrifað hraðar. 2. Það er ólíklegra að þú sleppir mikilvægum atriðum. 3. Ef þú hefur ekki tíma til að ljúka við svarið er oftast tekið tillit til minnisatriðanna eða uppkastsins.

Stundum kemur það fyrir að ekkert samhengi eða kjarni er í svarinu. Nemandi fær lága einkunn ef hann veður sundurlaust úr einu í annað og fjallar um staðreyndir og hugmyndir sem eru lauslega tengdar ritgerðarefninu, sama hversu mikið nemandinn skrifar.

Nokkrar grundvallarspurningar sem geta létt þér upphafið.

- Hvaða heildarþema (meginatriði) er kennari að spyrja um?
- Hvaða atriðum er kennari að sækjast eftir?
- Hvaða staðreyndir veit ég sem skipta máli í tengslum við heildarþemað eða þetta ákveðna viðfangsefni?
- Er farið fram á teikningar eins og linurit, kort o.s.frv. í spurningunni?

Reyndu að skilja spurninguna

- Strikaðu undir lykilorð og orðasambönd sem koma fyrir í spurningunni. Svaraðu í samræmi við þær vísbendingar sem liggja í þessum orðum.
- Þú verður að skilja merkingu lykilorða sem koma aftur og aftur fyrir í ritgerðarspurningum.

Þegar þú byrjar að skrifa (endanlega) svarið, komdu þér strax að meginatriðinu. Slepptu inngangi eða aðdraganda. Aukasetningar þreyta bara þann sem fer yfir svarið. Ein leið til að snúa sér beint að efninu er að taka með hluta af spurningunni í svarinu. Dæmi: „Ræddu hvort hertar reglur um sölu tóbaks til unglunga undir 18 ára geti dregið úr reykingum ungs fólks.“ Svar gæti byrjað svona: „Hertar reglur um sölu tóbaks munu draga úr reykingum af eftirfarandi ástæðum.“ Afstaða þín er augljós. Þú ert komin(n) af stað með svarið.

Þegar þú ert að rökstyðja svar þitt, byrjaðu þá á áreiðanlegustu rökunum. Ekki geyma mikilvægustu atriðin þar til síðast.

Nokkur mikilvæg atriði varðandi ritstíl:

1. Vandaðu skriftina. Skrifaðu með penna því skrift með blýanti er alltaf ólæsilegri. Mat á ritgerðum eða ritgerðarsvörum er alltaf að einhverju leyti huglægt. Óvönduð skrift og frágangur getur mögulega lækkað einkunn þína. Athugaðu hvort leyfilegt sé að nota fartölvu á ritgerðarprófi. Sumir skólar eiga jafnvel fartölvur sem kennarar geta fengið lánaðar fyrir nemendur meðan á prófi stendur.
2. Svaraðu á kjarnyrtan hátt, án óþarfa málalenginga. Forðastu setningar sem segja ekkert. Svaraðu eins og að sá sem metur þig sé þreyttur, leiður og útkeyrður. Þó að kennarinn sé vel úthvöldur leiðist honum að lesa yfir fjölda orða til þess eins að finna örfá þekkingaratriði.
3. Svaraðu öðru megin á blaðið, sérstaklega ef þú skrifar fast. Hafðu góða spássíu vinstra megin og hafðu gott pláss á milli svara.

Lestu yfir, ef þú hefur tíma, til að lagfæra skrift og mögulega málfræði- og stafsetningarvillur.

### **Lykilorð i ritgerðarspurningum**

Þú verður að skilja merkingu orða sem koma aftur og aftur fyrir í ritgerðarspurningum. Hér eru nokkur þeirra með útskýringum.

**Stuttlega** = nákvæmlega, án óparfa málskrúðs.

**Orsök** = ástæðan fyrir eða kveikjan að tilteknum nidurstöðum.

**Skilgreindu** = gefa merkingu. Útskýra nákvæma merkingu orðsins eða orðasambandsins í þessu tiltekna fagi. Skilgreiningar eru yfirleitt stuttar.

**Berðu saman** = skoða tvö eða fleiri fyrirbæri. Finna það sem er líkt og það sem er ólíkt. Í samanburði er yfirleitt lögð meiri áhersla á það sem er líkt en það sem er ólíkt.

**Berðu saman og finndu andstæður** = sýna það sem er sameiginlegt og það sem skilur á milli. Finna út hvort fleira sameinar en skilur á milli.

**Sýndu fram á** = útskýra með því að nota samanburð eða dæmi.

**Lýstu** = gefa nákvæma lýsingu. Búa til mynd með orðum. Segja frá einkennum, gæðum o.frv.

**Veltu fyrir þér** = tilgreina allar mismunandi hliðar rökfærslunnar áður en þú ákveður hver þeirra, ef einhver, er rétt eða hver þeirra felur í sér þyngstu rökin.

**Meta** = gefa álit sitt eða álit sérfræðings. Styðja svar sitt með rökstuðningu.

**Útskýrðu** = gera hugmynd ljósa. Sýna með rökum. Segja hvers vegna eitthvað gerist. Gera grein fyrir orsök, uppruna eða merkingu á .....

**Sannaðu** = styðja með rökum

**Taktu saman** = draga saman. Gera stuttlega grein fyrir staðreyndum án málalenginga.

**Lýstu með dæmum** = útskýra/sýna fram á/varpa ljósi á hugmynd eða staðhæfingu með því að nota skýringamynd. Færa rök fyrir skoðun með skýrum dæmum.

**Nefndu** = listi með hugmyndum, sjónarhornum, atburðum.

**Ræddu/fjallaðu um** = íhuga og færa rök með og móti, skoða kosti

©Elín Vilhelmsdóttir